

# *Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar*

---



**Árskýrsla 2011**

## Efnisyfirlit

Starfsemi .....	3
Skráningarmál .....	3
Fyrirspurnir og heimsóknir til safnsins .....	3
Örsýningar .....	4
Átak í gerð skjalavistunaráætlana fyrir stofnanir bæjarins .....	4
Norrænn skjaladagur í nóvember 2011 .....	5
Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða .....	5
Á ferð og flugi .....	6
Ráðstefna Héraðsskjalasafna í Reykjavík .....	6
Heimsóknir í stofnanir Mosfellsbæjar .....	7
Heimsókn Þjóðskjalasafns .....	8
Afhendingar .....	9
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2011 .....	9
Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar .....	11
Yfirlit fyrir árið 2011 .....	11

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar maí 2011  
Umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir

*Öll réttindi áskilin.  
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ljósmynd á forsíðu: Ólafur Magnússon (1830-1915) frá Hrísrú Mosfellssveit í bæjarferð  
Ólafur var ein af aðalpersónum í Innansveitarkróniku Halldórs Laxaness  
Myndin er tekin í Reykjavík í kringum aldamótin 1900. Ljósmyndari óþekktur.  
© Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

## Starfsemi

### Skráningarmál

Undirstaða safns af þessari gerð er skráning og þökkun skjala og annarra gagna. Skráningin er meginforsenda þess að gögn finnist og safnið nýtist þeim sem hyggjast nota safnkostinn.

Skráningarforrit skjalanna sem notað er á safninu er FileMaker.


Á árinu var farið í vinnu við að endurraða safninu í geymslunum og merkja kassana með ítarlegri vísbendingum um efni hvers kassa. Þá var tölvuskráningin í FileMaker athuguð á söfnum sem eiga að teljast skráð. Því miður var skráning í mörgum tilvikum ekki í lagi og þyrfti að fara yfir alla skráningu aftur, ef vel ætti að vera. Þá kom einnig í ljós að meira er af óskráðum gögnum innan um skráð en áður var haldið, en talsvert hefur safnast upp af óskráðu og ófrágengnu efni frá stofnun safnsins. En eins og áður kom fram er skráning nauðsynleg til þess að safnið nýtist sem skyldi og verði aðgengilegt almenningi.

### Fyrirspurnir og heimsóknir til safnsins

Tekin var ákvörðun í upphafi árs 2011 um að skrá skipulega niður fyrirspurnir til safnsins til að fá tölfræðilegar upplýsingar um aðsókn í gögn safnsins. Skráð er fyrirspurnaraðili, frá hvaða tíma skjölin eru, efnislýsing fyrirspurnar og árangur leitar. Þá eru einnig skráðar niður athugasemdir og villur í skráningu skjalanna ef slíkt uppgötvast við leit í safninu.

Fyrirspurnir til safnsins voru alls 49 af ýmsum toga, sumar fljótt afgreiddar, aðrar kröfðust mikils tíma og leitar en eins og gefur að skilja er fljótlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð.

Þá voru heimsóknir til safnsins alls 44.



Úr skjölum hreppstjóra Mosfellshrepps frá 1884

## Örsýningar

Á árinu 2011 voru settar upp tvær sýningar í sýningarkassa Bókasafns Mosfellsbæjar. Fyrri var „Brúarlandsskóli“ þar sem sýndar voru ljósmyndir af Brúarlandshúsinu og þeirri fjölbreyttu starfsemi sem átti sér stað innan veggja hússins, þar á meðal tvær gamlar bekkjarmyndir þar sem fólk var beðið að bera kennsl á andlitin þar sem um nokkra óþekkt einstaklinga var að ræða.



Halldór Lárusson með nemendum sínum veturinn 1925-1926. Ljósmyndari óþekktur.

Hin sýningin var „Handskrifuð sveitablöð í upphafi 20. aldar“ en töluvert er til af handskrifuðum blöðum frá fyrstu áratugum síðustu aldar sem gengu á milli manna. Meðal annars var Ungmennafélagið Afturelding með útgáfu á blaðinu Dagrenning sem kom út einu sinni á ári, í tvíriti og gekk á milli bæja, annars vegar norðurleið og hins vegar suðurleið en þannig var sókninni skipt upp í þessu tilliti á þessum tíma. Þá komu út nokkur tölublöð af blaðinu Þór, árið 1910, sem gefin voru út og handrituð af strákunum Guðmundi Þorlákssyni og Hendrik Ottóssyni en þeir voru þá 13 og 16 ára gamlir.

Með áframhaldandi samstarfi við bóksafnið er ætlunin að halda áfram með litlar sýningar enda býður safnkostur upp á fjöldann allan af litlum, skemmtilegum sýningum.

## Átak í gerð skjalavistunaráætlana fyrir stofnanir bæjarins

Ákveðið var að koma af stað átaki við gerð skjalavistunaráætlunar í stofnunum bæjarins en slík áætlun hefur ekki verið í gangi í neinni stofnun nema á bæjarskrifstofu, fyrir tímabilið 2005-2010. Þjóðskjalasafn gerir kröfu um að allar stofnanir geri slíka áætlun. Að gera skjalavistunaráætlun er mikil og tímafrek vinna sem krefst mikillar þekkingar á starfsemi og skjalasafni viðkomandi stofnunar, þar sem m.a. þarf að greina skjalasöfnin í skjalaflokka, gera grisjunaráætlun og gera notkunarleiðbeiningar og lýsigögn með öllum rafrænum kerfum sem notuð eru í starfseminni.

Gerð skjalavistunaráætlunar bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar hófst á árinu 2011 og er sú vinna langt komin, en auk nýrrar skjalavistunaráætlunar er nauðsynlegt að fara yfir og uppfæra málalykilinn sem er orðinn gamall. Mikill tími hefur farið í þessa vinnu og ber skjalastjóri Mosfellsbæjar hita og þunga af þessu máli. Útlit er fyrir að því ætti að vera lokið um mitt ár 2012.

Þá er stefnt að því að gera sameiginlega skjalavistunaráætlun fyrir skólana. Síðar væri hægt að gera sameiginlega áætlun fyrir leikskólana. Mikill áhugi er að hefja þessa vinnu á fræðsluviði sem fyrst. Mikilvægt að setja saman nefnd með fulltrúum frá skólunum til að vinna verkefnið sameiginlega.

## Norrænn skjaladagur í nóvember 2011

Norrænn skjaladagur er ár hvert haldinn hátíðlegur af skjalasöfnum á öllum Norðurlöndunum, á Íslandi er hann haldinn af Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnum.

Skjalasöfn opna hús sín fyrir almenningi á þessum degi og vekja athygli á tilteknum skjalaflokkum, oft með því að setja upp sýningar á völdum skjölum.



Sigurjón selur ullarfríkur á réttardegi við Hafravatnsrétt. Myndin er tekin árið 1935. Ljósmyndari óþekktur

Skjaladagurinn í ár var helgaður Verslun og viðskiptum. Í grein sem Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar sendi frá sér var fjallað um viðskiptahætti Sigurjóns Péturssonar og hversu útsjónasamur hann var í viðskiptum.

Sjá: <http://skjaladagur.is/201-01.html>

## Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða

Á fundi Félags héraðsskjalavarða 27. mars 2009 var tekin ákvörðun um að félagið skyldi standa fyrir átaksverkefnum, að taka skjalasöfn til varðveislu í héraðsskjalasöfnin, bæði til þess að skjölin skiluðu sér og til að tryggja vörslu og aðgengi að skjölunum.

Árið 2009 var gert átak í söfnum um Konur og kvenfélög, en afrakstur þeirrar söfnunar er tekinn saman í skýrslunni: *Skjalasöfn kvenfélaga og félaga kvenna í héraðsskjalasöfnum á Íslandi* en hana má finna á slóðinni:

[http://heradsskjalasafn.is/images/stories/kvenfelagaskjalasofn\\_2009\\_13\\_01\\_10.pdf](http://heradsskjalasafn.is/images/stories/kvenfelagaskjalasofn_2009_13_01_10.pdf)

Árið 2010 var söfnun gagna um sóknarnefndir í heimabyggð, átak í samvinnu við biskup Íslands hr. Karl Sigurbjörnsson og mun því ljúka á vormánuðum 2012.

Fyrir árið 2011 var sjónum beint að skjalamálum grunnskóla. Almennt á landinu er mikið verk fyrir höndum að koma skjalamálum grunnskóla í rétt horf en skil á gögnum til skjalasafna er á mörgum stöðum ábótavant.

Í Mosfellsbæ hefur miklu efni verið skilað frá elsta grunnskólanum, Varmárskóla er hóf starfsemi sem Brúarlandsskóli árið 1922 og einnig frá Gagnfræðaskólanum sem hóf starfsemi sína 1971. Aðrir grunnskólar, Lágafellsskóli sem tók til starfa árið 2001 og Krikaskóli sem tók til starfa árið 2008 eru það nýjir/ungir að þeir eru ekki orðnir skilaskyldir enn. En mikilvægt er að leiðbeina stjórnendum skólanna og benda þeim á góðar vinnuaðferðir við skráningu og varðveislu skjala til að auðvelda notkun og leit í safninu.

## Á ferð og flugi

### Ráðstefna Héraðsskjalasafna í Reykjavík



Héraðsskjalaverðir stilla sér upp á tröppum Höfða. Mynd tekin af vef Félags héraðsskjalavarða.

Á hverju hausti er haldin ráðstefna á vegum Félags héraðsskjalavarða. Markmið þessarar ráðstefnu er að þjappa saman skjalavörsluáðilum sem eru dreifðir um allt land, kynna hvað er helst á döfinni og leiðbeina.

Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Reykjavík dagana 10. og 11. nóvember á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur og fór fram í húsnæði Reykjavíkurborgar við Borgartún 12-14.

Fyrirlestrar voru margir og fjölbreyttir að venju. Helstu viðfangsefni voru:

Átak í skjalamálum grunnskóla.

Eldri skjalaflokkar í grunnskólum.

Mentor.

Persónumöppur nemenda í grunnskólum.

Skjalaskráning og ISO staðlar.

Ljósmyndaverkefni þriggja héraðs-

skjalasafna.

Kynning á Ljósmyndasafni Akranes.

Tölvukerfi í skjalaskráningu (sbr. One eða Gopro).

Reglur um upplýsingar og aðgang að gögnum skjalasafna.

Þá var boðið upp á skemmtilega skoðunarferð í Höfða undir leiðsögn Önnu K. Kristinsdóttur móttökufulltrúa hjá Reykjavíkurborg.


## Heimsóknir í stofnanir Mosfellsbæjar

Eitt af lögboðnum verkefnum Héraðsskjalasafnsins er að leiðbeina og hafa eftirlit með skilaskyldum aðilum í sveitarfélaginu. Í því markmiði að sinna þessari skyldu var sendur út spurningarlisti til allra stofnanna bæjarins þar sem óskað var ýmissa upplýsinga meðal annars um skjalageymslur, málaskrár og málalykla, rafræn kerfi, skjalavistunaráætlun, frágang á eldri skjölum og grisjun. Því miður komu engin svör, stjórnendur virtust hvorki hafa vitneskju um skjalamálin né tíma til að athuga málið og svara fyrirspurninni, þá var ekki um neitt annað að gera en að breyta um aðferð.

Útbúin var mappa með öllum upplýsingum sem koma að gagni við skipulagningu og meðferð skjalasafna. Í möppunni var meðal annars að finna:

1. Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga
2. Stjórnsýslulög
3. Upplýsingalög
4. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
5. Lög um Þjóðskjalasafn Íslands
6. Höfundarlög
7. Reglur um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila
8. Reglur um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala
9. Reglur um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnanna þeirra
10. Reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim (bæklingur)
11. Eyðublað fyrir skjalavistunaráætlun
12. Eyðublað fyrir afhendingu á einstökum skjalaflokkum
13. Eyðublað fyrir upplýsingar um stofnun
14. Eyðublað fyrir geymsluskrá
15. Eyðublað fyrir umsókn um grisjun
16. FileMaker geymsluskráningarforrit á CD
17. Leiðbeiningar fyrir geymsluskráningarforritið FileMaker
18. Hugmynd af skjalavistunaráætlun fyrir skóla
19. Skjalavistunaráætlun grunnskóla Reykjavíkur gildir frá 1. mars 2011 til 31.febrúar 2016.
20. Leiðbeiningar varðandi grisjun
21. Leiðbeiningar varðandi afhendingu skjala og gerð geymsluskrár
22. Ábendingar um frágang á geymsluskrá

Síðan boðaði ég komu mína í stofnanir bæjarins til að taka út skjalamálin, skoða aðstöðuna, ræða um hvað væri gott, hvað mætti betur fara og afhenda möppu til stofnunarinnar.



Þær stofnanir sem heimsóttar voru á árinu 2011 voru leikskólarnir Hlíð, Hlaðhamrar, Hulduberg og Reykjakot, grunnskólarnir Varmárskóli, Lágafellsskóli og Krikaskóli, Listaskóli Mosfellsbæjar og Bókasafn Mosfellsbæjar. Þær stofnanir sem eftir eru og áætlað er að heimsækja 2012 eru Þjónustustöðin, Íþróttamiðstöðvarnar að Varmá og Lækjarhlíð og Félagsmiðstöðin Bólið.

Það hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að benda viðkomandi á að láta ekki frá sér skjöl sem eiga heima í skjalasafni stofnunarinnar. Mikilvægt er að halda safninu heilu, ef óskað er eftir gögnum þá ber að taka afrit til afhendingar eða vísa til þess er geymir frumritið.

### Heimsókn Þjóðskjalasafns

Tveir starfsmenn Þjóðskjalasafns, þau Njörður Sigurðsson og Júlía Pálmadóttir Sighvats komu í heimsókn til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar í apríl. Tilgangurinn var að taka út safnið og halda fyrirlestur fyrir starfsfólk stofnanna í Mosfellsbæ.

Þetta árið var sérstaklega rætt um hvernig gengið hafi að sinna leiðbeiningum með skjalavörslu sveitarfélaga auk þess sem teknir voru út mikilvægir þættir hjá safninu eins og geymslur, skráning og þökkun.

Um 35 manns fengu send fundarboð á fyrirlesturinn en einungis 11 sáu sér fært að mæta, sem var synd þar sem viðfangsefnið hefðu nýst vel í umsjón og vinnslu gagna í daglegum rekstri. Fundarefni á fyrirlestrunum var:

Kynning Þjóðskjalasafns á nýrri handbók um skjalavörslu sveitarfélaga, reglum um langtímaavörslu rafrænna skjala og öðrum reglum um skjalavörslu, ásamt umræðum.

- Njörður Sigurðsson: „Hlutverk Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna og reglur um skjalavörslu“.
- Júlía P. Sighvats: „Reglur um rafræn opinber gögn, sveitarfélög og héraðsskjalasöfn.“

Fundurinn reyndist mjög gagnlegur og töluverðar umræður og spurningar voru eftir fyrirlestrana.



## Afhendingar

Afhendingar á árinu 2011 voru 15 talsins. Helstu afhendingarnar voru t.a.m vinnugögn frá Magnúsi Guðmundssyni eftir ritun Dagrennings, aldarsögu Ungmennafélagsins Aftureldingar. Frá Magnúsi komu einnig gögn frá fornleifauppgreftrinum á Hrísrú. Þá skilaði Tónlistaskóli Mosfellsbæjar gögnum frá upphafi stofnunar skólans.

Salóme Þorkeldsdóttir kom með hluta úr sínu safni, þ.e. jólakort sem hún hefur safnað frá upphafi starfsferils síns á Alþingi en skv. upplýsingum frá henni á töluvert af gögnum eftir að skila sér til safnsins.

Auk þessa voru smærri afhendingar frá einstaklingum og stök skjöl frá bæjarskrifstofunum, sem tengjast eldra safni.

## Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2011

<u>Nr.</u>	<u>Tímabil</u>	<u>Innihald</u>	<u>Afhendingaraðili</u>	<u>Dags. afhent.</u>
01	1977-2008	Útsend símbréf vegna útsetninga húsa og lóða á árunum 2007 og 2008. Gögn yfir húsasmíðameistara, staðbundin leyfi ásamt fjölda fylgiskjala um hvern meistara frá árunum 1977-2004	Ásbjörn Þorvarðarson	7.1.2011
02	1935	Símskeyti 7 stykki í tilefni af brúðkaupi Mörtu Níelsdóttur og Emils Richter	Marta Hildur Richter	3.2.2011
03	1918-1993	Sjúkrasamlagsbók fyrir Mosfellinga. Framan á bókinni stendur: „SFM - kassabók“ Ljósmeðrabók gefin út af Landlækni 1934. Ýmis gögn úr eigu Einars Björnssonar frá Litlalandi	Helga Jörundsdóttir,	3.2.2011
04	2011	Miðar frá Mosfellingum sem skrifaðir voru á Kærleiksvikunni í febrúar 2011.	Bryndís Haraldsdóttir	2.3.2011
05	1990-2010	Gögn frá Gogga galvaska mótariðinni. Skjöl varðandi mót Aftureldingar í frjálsum íþróttum. Skjöl frá Handboltadeildinni	Hlynur Chadwick Guðmundsson	20.5.2011
06	2010	Annáll Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.	Daði Þór Einarsson	3.4.2011

07	1966-1976	Gögn frá stofnun Tónlistarskóla og Tónlistarfélags Mosfellssveitar m.a.: söfnun styrktarmeðlima, fundargerðir, auglýsingar, efnisskrár, starfsskýrslur o.fl.	Atli Guðlaugsson skólastjóri	13.5.2011
08	2004	Boðskort frá Forsætisráðuneytinu til Björns Þráins varðandi opnun Gljúfrasteins -húss skáldsins, dags. 4.9.2004.	Björn Þráinn Þórðarson	1.6 2011
09	2010	Upplýsingamiðar um ferðir Mos-Bus sem keyrði um Mosfellsbæ og stoppaði á ýmsum stöðum	Valgerður Sigurðardóttir	1.7 2011
10		Vinilplata með Kirkjukór Lágafellssóknar (Íslenskir jólasálmar). Gefin út 1990. Viðurkenning til bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar vegna reyklauss vinnustaðar frá árinu 1995. Tvær ljósmyndir úr Mosfellssveit: frá Hafravatnsrétt óvíst um ártal og yfirlitsmynd yfir Varmárskóla, íþróttasvæðið og Hlégarð, tekin 1982. Plakat eftir Benedikt Gröndal gefið út í tilefni að þúsund ára afmæli Íslands. óvíst með ártal.	Björn Þráinn Þórðarson	19.8.2011
11	1930	Tveir geisladiskar með myndskreiði frá Álafossi árið 1930. Snælda þar sem rakin er saga saumastofu Álafoss. Bréf frá Pétri Sigurjónssyni varðandi gögn afhendingarinnar.	Pétur Sigurjónsson frá Álafossi	11.8.2011
12		Vinnugögn Magnúsar Guðmundssonar frá ritun á Dagrenningi, sögu Ungmennafélagsins Aftureldingar.	Helga Jónsdóttir	7.10.2011
13		Skýrslur og önnur gögn frá Magnúsi Guðmundssyni úr fornleifauppgreftri á Hrísbú.	Helga Jónsdóttir	7.10.2011
14	1979-2010	Jóla kort frá upphafi Salóme Þorkelsdóttur á þingi	Salóme Þorkelsdóttir	7.10.2011
15	1994-2010	Bréfasafn frá fræðsluviði Mosfellsbæjar	Björn Þráinn Þórðarson	1.11.2011

## Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar

### Yfirlit fyrir árið 2011

Tekjur - Mosfellsbær	5.551.428 kr.
Tekjur - framlag ríkisins	<u>190.000 kr.</u>
	5.741.428 kr.
Launakostnaður	2.657.719 kr.
Húsaleiga/hússjóður	3.025.208 kr.
Rafmagn	33.727 kr.
Fundir/ferðakostnaður	54.537 kr.
Viðhald húsnæðis/þrif	41.407 kr.
Vörukaup	<u>58.188 kr.</u>
	5.870.786 kr.
Samtals	<u><u>-129.358 kr.</u></u>

# Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Þverholt 2 • sími 525-6789 • [birna@mos.is](mailto:birna@mos.is)